

LÖG**um breytingu á lögum um stimpilgjald, nr. 36/1978.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. másl. 1. mgr. 21. gr. laganna orðast svo: Fyrir stimplun hlutabréfa, sem gefin eru út af félögum með takmarkaða ábyrgð, skal greiða ½% af fjárhæð bréfanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

*Ólafur Ragnar Grímsson.***LÖG****um breyting á lögum um stofnun og slit hjúskapar,
nr. 60 29. maí 1972.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 44. gr. orðist svo:

Áður en mál er höfðað til skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar eða beiðst er leyfis til skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar skal leita um sættir með hjónum og kanna grundvöll að framhaldandi sambúð. Prestar leita um sættir með hjónum eða löggiltir forstöðumenn trúfélaga. Nú er annað eða bæði hjóna utan trúfélaga eða hvort heyrir til sínu trúfélagi og má þá yfirvald leita um sættir. Mál er ekki unnt að höfða eða leyfi hægt að veita nema sáttatilraun hafi átt sér stað á síðustu 6 mánuðum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Óli P. Guðbjartsson.